

Alþingi
Erindi nr. Þ 132/1795
komudagur 25.4.2006



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8 - 10

150 REYKJAVÍK

24.4. 2006


Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 90/2003 um tekjuskatt, þingmál 623, og breyting á lögum nr. 2/1995 um hlutafélag, þingmál 684.

Samkvæmt þingmáli 623 eru lagðar til tvær breytingar á lögum 90/2003, þ.e. að samlagshlutafélag verði ekki sjálfstæður skattaðili nema eftir því sé sérstaklega óskað við skráningu og að lífeyrissjóðir verði undanþegnir greiðslu tekjuskatts.

Megintilgangur frumvarpanna er að lífeyrissjóðum sé gert kleift að fjárfesta í formi samlagshlutafélaga, t.d. sem fjárfesta í nýsköpunarfyrirtækjum, án þess að skattskylda myndist.

Samtök atvinnulífsins fagna framlagningu beggja frumvarpanna og styðja eindregið þau markmið sem þeim er ætlað að ná og hvetja því til samþykktar þeirra.

Virðingarfyllst,



Hannes G. Sigurðsson,
aðstoðarframkvæmdastjóri